



Neyðargetnaðarvarnir

Samantekt ráðlegginga

Neyðargetnaðarvörn er ætlað að koma í veg fyrir getnað og þungun eftir óvarðar samfarir. Neyðargetnaðarvörn er ekki fóstureyðing.

Tegundir neyðargetnaðarvarna:

Lyf:

A

Fyrsta val:

Ósamsettar töflur með gestageni: 750 míkrog. levónorgestrel.

A

Annað val:

Samsettar töflur með estrógeni og gestageni: 50 míkrog. ethínýlestradíól og 250 míkrog. levónorgestrel.

Fyrir bæði lyfin gildir:

Ábending:

Getnaðarvörn eftir óvarðar samfarir innan 72 klukkustunda.

Frábending:

Þungun.

Varúð:

Kanna nánar hvort konan hefur áður fengið djúpbláæðasega eða staðbundið mígreni með forboðaeinkennum (aura) ef valin er samsett getnaðarvörn.

Koparlykkja

Ábending:

Getnaðarvörn eftir óvarðar samfarir ef ekki eru liðnir meir en 5 sólarhringar frá samförum eða innan við 5 sólarhringar frá egglosi.

Frábending og varúðarráðstafanir:

Þær sömu og gilda almennt fyrir uppsetningu á lykkju.

Lykkja er einkum notuð ef komið er fram yfir 3 sólarhringa frá óvörðum samförum eða ef viðkomandi óskar eftir lykkju sem áframhaldandi getnaðarvörn. Hormónalykkjan (Levo-Nova) hefur ekki verið rannsökuð m.t.t. notkunar sem neyðargetnaðarvörn.

Tegund getnaðarvarnar	Árangur
Levónorgestrel 750 míkrog.	98-99%
Ethinýlestradíól 100 míkrog og Levónorgestrel 500 míkrog	97-98%
Koparlykkja	99%



Ráðgjöf, fræðsla og eftirlit:

B

Leggja ber áherslu á, að því fyrr sem neyðargetnaðarvarnartöflur eru teknar eftir óvarðar samfarir, því betri er árangur.

Endurtaka má skammt eða benda á lykkju ef uppköst verða innan 1 klst. frá töflutöku. Fræða þarf um verkun og aukaverkanir, öruggar getnaðarvarnir og hættu á kynsjúkdómasmiti.

Ráðleggja þarf um notkun getnaðarvarna fram að næstu blæðingum og kynna hvernig bregðast skuli við ef meðferðin ber ekki árangur.

Ef blæðingar koma ekki á væntanlegum tíma er ráðlagt að gert sé þungunarpróf.

Eftirlit:

Eftirlit eftir notkun neyðargetnaðarvarnar felst í því að konan fylgist sjálf með blæðingum og tekur þungunarpróf ef blæðingar koma ekki eða eru óeðlilegar.

Endurkoma getur verið skynsamleg til frekari fræðslu, eftirlits og ráðgjafar.

Aðgengi:

Lyfjafræðingar í lyfjabúðum hafa heimild til afhendingar neyðargetnaðarvarnartaflna án lyfseðils skv. Ákvæðum 11.gr lyfjalaga nr. 93/1994

Almennar viðtekna reglur um gjöf getnaðarvarna gilda jafnframt fyrir neyðargetnaðarvörn.